



Íshókkíping 2025

10. maí 2025

Þinggerð

Þingritarar: Erla Guðrún Jóhannesdóttir og Guðlaug Ingibjörg Þorsteinsdóttir

Íshökkíping 2025	2
Lagabreytingartillögur frá ÍHÍ - Aukinn meirihluta þarf (2/3) til samþykkis	4
Breytinga á 6 grein um fulltrúafjölda hvers aðila á íshökkípingi.	4
Breyting á 18 lið 8 grein	4
Breyting á 12 grein	4
Breyting á 13 grein sem verður 12.	5
Breyting á 15 grein sem verður 14	5
Breyting á 18 grein sem verður 17	5
Tekin er aftur fyrir breyting á grein 6	5
Reglugerðarbreytingar meirihlutasamþykki þarf (50%)	6
Farið yfir tillögur á reglugerð 3 um viðurlög við notkun ólöglegra leikmanna.	6
Reglugerð nr 4 um ferðalög	6
Reglugerð nr 6 um dómaranefnd og dómgæslu á mótum	6
Reglugerð nr 9 um félagaskipti	7
Reglugerð nr 10 um leikskýrslur	7
Reglugerð nr 12 um framkvæmd móta	7
Reglugerð nr 13 um íslandsmótið í íshökkí	7
Reglugerð 15 um lánssamninga	8
Reglugerð 16 um þátttökugjald í íslandsmóti	8
Reglugerð 17 um íshökkí kvenna	8
Reglugerð 18 um flutning leikmanna milli aldursflokka	8
Reglugerð 20 um upptökur og streymi frá leikjum í meistaraflokk karla og kvenna	8
Reglugerð 8 um aganefnd	9
Aðrar tillögur og erindi frá félögunum	9
Aðskilja stelpur frá U18 drengjum	9
Tefla fram u19/u20/u21 liðum drengja	9
Smíða reglugerð um ný félög/lið sem fá aðild að ÍHÍ	10
Eiga að gilda aðrar reglur um félagaskipti ólögráða einstaklinga	10
Dómarakerfi; á að nota 3ja eða 4ra dómara kerfi?	10
Umræða um hæfi og dómara og reglur þar að lútandi	10
Fyrirkomulag landsliðsmála, sérstaklega yngri landsliða	11
Ekki leika á sama degi í mfl karla og mfl kvenna	11
Kosning stjórnar	12
Heiðursstúka ÍHÍ	13

Íshokkíþing 2025

Mættir á þing eru

Fyrir hönd Skautafélags Hafnarfjarðar Þórhallur Viðarsson og Gauti Þormóðsson

Fyrir hönd Fjölnis Emil Borg, Guðrún Hilmarsdóttir, Einar Sveinn Guðnason, Gunnar Andri Hlíðdal, Hildur Dís Jónsdóttir Schevig, Kópur Guðjónsson, Styrmir Örn Snorrason og Emil Álengard.

Fyrir hönd Skautafélags Reykjavíkur Friðjón B Gunnarsson sem fer með 2 atkvæði, Bjarni Helgason sem fer með 2 atkvæði, Elísabet Stefánsdóttir, Guðmundur Norðdahl, Hákon Marteinn Magnússon, Benedikta Gabriella Kristjánsdóttir og Marta Joy Hermannsdóttir.

Fyrir hönd Skautafélags Akureyrar Ari Gunnar Óskarsson, Benjamín Davíðsson, Brynja Vignisdóttir, Eiríkur Þórðarson, Elísabet Ásgrímsdóttir, Jóhann Þór Jónsson, Jóhannes Ævar Jónsson, Jón Benedikt Gíslason, Ólafur Örn Þorgrímsson, Sarah Smiley og Sigurður Sveinn Sigurðsson.

Aðrir sem mættir eru á þing eru meðlimir fráfarandi stjórnar sem einnig eru í framboði, Helgi Páll Þórisson, Guðlaug Ingibjörg Þorsteinsdóttir, Sigrún Agatha Árnadóttir og Arnar Sveinsson. Aðrir framboðendur sem eru Pétur Andreas Maack, Hafliði Sævarsson og Vilhelm Bjarnarson. Einnig eru Viðar Garðarsson, framkvæmdarstjóri ÍHÍ, Sindri Gunnarsson, yfirdómari, Hafsteinn Pálsson, þingforseti, og Erla Guðrún Jóhannesdóttir, fundarritari, í sal.

Helgi Páll setur þing 13:01 og tilnefnir fulltrúa aðildarfélaga til kjörbréfanefndar. Þetta eru þeir Sigurður Sveinn Sigurðsson, Friðjón B Gunnarsson, Emil Borg og Þórhallur Viðarsson. Kjörbréfanefnd tekur strax til starfa og fer yfir kjörbréf félaganna.

Helgi tilnefnir þar næst Hafstein Pálsson sem þingforseta sem fær samþykkt sem og tilnefningar Erlu Guðrúnar Jóhannesdóttur og Guðlaugar Ingibjargar Þorsteinsdóttur til þingritara.

Helgi Páll fer með skýrslu stjórnar fyrir liðandi kjörtímabili.

- Nýr framkvæmdastjóri, Viðar Garðarsson, tók til starfa á haustmánuðum 2023
- Fjármál hreyfingarinnar stærsta áskorun nýrrar stjórnar og framkvæmdastjóra
- OQ haldið í Laugardalnum þrátt fyrir erfiða fjárhagsstöðu
- Efstu deildir karla og kvenna fá nýtt nafn
- Fjölgun liða í efstu deild karla og engar undanþágur veittar af hálfu IIHF, Narfi og Skautafélag Hafnarfjarðar.
- Guðlaug Þorsteinsdóttir skipuð Integrity Officer eða háttvísi fulltrúi
- 7 dómarmenn fóru út í 12 verkefni á síðustu 2 árum
- Vladimir Kolek hættir vorið 2024 sem afreksstjóri en Rúnar Freyr Rúnarsson tekur við hluta af því starfi síðla árs 2024
- Stígandi í u18 kvenna
- Stöðugleiki og stígandi í kvk landsliði og sögulegur árangur á HM 25
- Erfitt ár hjá u18 drengja sem féll niður í 3A á þessu tímabili
- U20 drengja halda sér í 2B með 5 sæti á HM 25
- Landslið karla með silfur í 2B en beðið eftir niðurstöðu úr kærumáli gegn Georgíu en það kemur til með að hafa áhrif á í hvaða deild liðið spilar á næsta tímabili

Engar athugasemdir bárust úr sal við skýrslu stjórnar og því farið í næsta fundar lið.

Framkvæmdastjóri setur fram ársreikninga síðastliðinna tveggja ára, árin 2023 og 2024.

Reikningar fyrir 2023 voru kynntir á formannafundi 2024 og því farið hratt yfir hann.

Viðar fer yfir megin ástæður þess að mikill halli sé, mót sem flutt var frá Reykjavík til Akureyrar með stuttum fyrirvara og tilheyrandi auka kostnaði. Landsliðsferð kvenna til Mexíkó og undankeppni ólympíuleika sem haldin var í Laugardalnum.

Þingforseti opnar fyrir spurningar úr sal:

- Hafliði spyr um kostnaðarliði varðandi flutning u18 til Akureyrar. Framkvæmdastjóri svarar að hótél hafi verið dýrari en reiknað var með í Reykjavík, eins var matur fyrir lið dýrari og auka kostnaður við að ferja lið og starfsfólk mótsins til Akureyrar.
- Gauti spyr um OQ karla sem spilað var 2023 en telst til framtals 2024 en framkvæmdastjóri benti á að raunverulegur rekstrar viðsnúningur væri meiri en ársreikningar gefa til kynna þar sem reikningar eru bókaðir á gjalddaga en ekki leiðréttir miðað við dagsetningu viðburðar í tilfelli mótsins. Meirihluti reikninga voru því gerðir upp í janúar á nýju almanaksári og er hallinn af mótinu því meiri.

Ekki bárust frekari spurningar um reikning 2023 og hann samþykktur samhljóða.

Farið var ýtar yfir reikning 2024.

Þingforseti opnar fyrir spurningar úr sal

- Spurt var út í launakostnað miðað við árið áður en mismunur þar á milli skýrist vegna stöðugildis afrekstjóra, Vladimir Kolek, sem starfaði aðeins hálf árið 2024.
- Hákon spyr hvers vegna er svo mikill munur á kostnaði hjá landsliðum. Þjálfara kostnaður er mismikill eftir mótum og þjálfurum. Heildarkostnaður móta misjafn eftir löndum o.s.fr.
- Hákon spyr einnig um hæfileikamótun. Þarna er ýmiss kostnaður við unglíngalandslið til að mæta kröfum ÍSÍ.
- Elísabet (SR) spyr í framhaldi hvaða kröfur ÍSÍ gerir um hæfileikamótun. ÍSÍ gerir ekki aðrar kröfur en að mótunin sé til staðar.
- Einar Sveinn spyr um fyrirframgreiðslu fyrir OQ sem Helgi Páll minntist á í skýrslu stjórnar en sú greiðsla kemur fram á næsta ársreikning, 2025.
- Spurt er um lögfræðikostnað en skýringin er málaferli innan ÍSÍ

Frekari athugasemdir voru ekki gerðar en viðstaddir ánægðir með rekstrar viðsnúning á árinu. Reikningur 2024 var svo samþykktur samhljóða.

Kjörbréfanefnd fór yfir kjörgengni fulltrúa og engar athugasemdir bárust um störf kjörbréfanefndar.

Skautafélag Hafnarfjarðar fr með 2 atkvæði, Fjölnir fer með 8 atkvæði, Skautafélag Reykjavíkur fer með 9 atkvæði og Skautafélag Akureyrar fer með 11.

Ávarp Gesta:

Þingforseti flytur kveðju og ávarp forseta ÍSÍ og framkvæmdastjóra.

Viðar Garðarsson fer yfir fjárhagsáætlun fyrir árin 2025 og 2026

- Breyttar úthlutunarreglur úr afrekssjóð fyrir ungmennalandslið koma til með að breyta landslaginu í fjárhag yngri landsliða. Bundnar vonir við að geta bætt foreldrum afturvirkir.
- Viðar vonast eftir fleiri styrktaraðilum og gerir ráð fyrir að ríkið komi að starfinu á svipaðan hátt og síðastliðið ár.
- Áframhaldandi aðhald í fjármálum
- Mildur hagnaður er markmiðið þannig að hægt sé að byggja upp varasjóð að nýju
- Forgangsatriði að vera réttu megin við núllið

Þingforseti opnar á umræðu um fjárhagsáætlun

- Hafliði spyr hvaða áhrif mótshald sem er til skoðunar hefur á áætlunina. Það er hlutverk nýrrar stjórnar eftir þing að kanna hvort fjárhagslegur grundvöllur sé fyrir slíkt mótshald.
- Hákon kallar eftir meira efforti frá ÍHÍ hvað auglýsingu móta og annað varðar.

Frekari umræða varð ekki en áætlunin samþykkt samhljóða.

Þingforseti leggur til að vinna þingnefndir saman í einni málstofu sem þingfulltrúar samþykkja allir.

Lagabreytingartillögur frá ÍHÍ - Aukinn meirihluta þarf (2/3) til samþykkis

Breytinga á 6 grein um fulltrúafjölda hvers aðila á íshökkíþingi.

- Siggi Sig talar um skerðingu Skautafélags Akureyrar miðað við breytingar á 6. grein og hvers vegna hann er mótfallinn því. Hann talar fyrir því að bera tillöguna upp í fleiri en einum lið.
- Bjarni Helgason spyr hvort fjölga megi fulltrúum til þings

Hlutsætti í samtali, þingforseti leggur til samtal í kaffihlé þar sem breytingartillaga og orðalagsbreyting eigi sér stað sem hægt sé að kjósa um.

Samþykkt að biða með kosningu um tillögu fram yfir hlé.

Breyting á 18 lið 8 grein

Breyting felur í sér að kosning stjórnar sé skrifleg en önnur kosning fer fram með einfaldri handauppréttingu.

Breytingartillaga: halda inni “nema aðeins sé stungið upp á jafn mörgum og kjósa skal”

Samþykkt með þessari breytingu

Breyting á 12 grein

Greinin fellur úr gildi og endurröðun númera fyrir aftan

Samþykkt samhljóða

Breyting á 13 grein sem verður 12.

Breytingin felur í sér að boða formannafund þau ár sem ekki er þing að vori en ekki hausti.

Samþykkt samhljóða

Breyting á 15 grein sem verður 14

Orðalagsbreyting frá aðila í aðildarfélag

Samþykkt samhljóða

Breyting á 18 grein sem verður 17

Breytingin felur í sér sveigjanleika á texta sem fylgir myndmerki ÍHÍ.

Óskað eftir að bil sé gert á eftir punkti á eftir málsgrein að ofan.

Samþykkt samhljóða með þessari viðbót

Þinghlé í 15 mínútur.

Þinghald hefst afur 15:15.

Tekin er aftur fyrir breyting á grein 6

Breytingartillagan hljóðar eftir samtal manna í hléi:

Í mótum á vegum ÍHÍ

b) Fyrir hvert keppnislið í U14 til U20 fæst einn fulltrúi. Fyrir að setja keppnislið í U8 til U12 fæst einn fulltrúi fyrir hvern aldursflokk, óháð fjölda liða í hverjum aldursflokki.

c) Málefni sem sambandsaðilar óska að tekin verði fyrir á þingi skulu berast skrifstofu (áður stjórn) ÍHÍ.

- Umræða um hvað telst til móta ÍHÍ. Barnamót eru skipulögð af mótanefnd ÍHÍ þrátt fyrir að félögin annist þau.
- Elísabet (SR) spyr hvort hagar sé af því að bæta við þingfulltrúum miðað við breytingu þar sem hlutfall á milli félaga breytist ekki. Hvati fyrir barnastarfi og fleiri aðilar koma að borðinu.

Tillagan borin upp í heild sinni.

8 atkvæði á móti, 22 með og tillagan því samþykkt með auknum meirihluta.

Reglugerðarbreytingar meirihlutasamþykki þarf (50%)

Farið yfir tillögur á reglugerð 3 um viðurlög við notkun ólöglegra leikmanna.

SR og ÍHÍ á samhljóða tillögu að hluta til, þ.e. 1. Og 5. Grein eru eins í báðum tillögum.

Breyting á 1 grein þar sem tíu marka tap er breytt í 5 marka tap og 5 grein þar sem föst krónutala er tekin út og vísað í verðskrá ÍHÍ.

Laganefnd leggst gegn frekari breytingu á 2. Og 3. grein og stjórn ÍHÍ fellur frá þeim tillögum.

Samþykkt samhljóða með útsrikun á annarri og þriðju grein þannig að breytingar taka bara gildi á 1. Og 5. Grein.

Reglugerð nr 4 um ferðalög

Breytingin er á 2 grein þar sem tekið er út að fararstjóri þurfi að halda dagbók um ferðir.

Samþykkt samhljóða

Reglugerð nr 6 um dómarnefnd og dómgæslu á mótum

8 grein hætta með dómaraþróf og taka upp hæfnismat

11 grein tillaga frá laganefnd að fella út þá breytingu sem stjórn ÍHÍ samþykkir þannig að breytingin felur bara í sér breytt orðalag frá 2. Og 3. Aldursflokkki yfir í U16 til U20.

13 grein taka út fastar krónutölu og vísa í verðskrá ÍHÍ

14 grein hæfnismat

15 grein felld út í heild þar sem vinnufyrirkomulag dómarnefndar hefur breyst

- Hákon tekur til máls varðandi hæfnismat og talar með því að halda í próf. Sindri og Guðlaug fara yfir sína sín á mat og víðara hugtak sem gefur dómarnefnd fleiri verkfæri til þess að meta dómara.
- Spurning frá Mörtu um hvort við þessa breytingu verði nokkuð lækkun á þeim standard sem við viljum setja sem dómarnefnd neitar að verði og tala fyrir jákvæðum afleiðingum þess að hafa sveigjanlegra matskerfi

Tillaga borin upp í heild og samþykkt samhljóða

Reglugerð nr 9 um félagaskipti

5 grein - leikheimildar eingöngu birtar á heimasíðu en ekki gefnar út í tölvupósti

- a) Vísað til verðskrár ÍHÍ
- b) Tryggingargjald fyrir erlend félagaskipti eftir 3 transfer
- c) Vísað til verðskrár ÍHÍ
- d) Vísað til verðskrár ÍHÍ

8 grein - Neiti félag að staðfesta skuldleysi leikmanna getur ÍHÍ gefið út leikheimild eftir 4 virka daga.

- SR leggur til að Tryggingargjald fyrir 4 leikmann af sama kyni hækki í 400 þúsund eins og rætt var á formannafundi. Ásamt því leggur SR til að banna erlenda markmenn.
- Umræða um hvert þak á að vera í sambandi við fjölda útlendinga í hverju liðið.

Ljóst er að skiptar skoðanir eru um þennan málaflokk.

Þingforseti leggur til að ákvæði um tryggingagjald og fjölda erlendra leikmanna verði falið nýrri stjórn og niðurstöður hennar verði kynnt félögunum á vordögum.

Tillagan að öðru leyti borin til samþykktar

Samþykkt samhljóða

Reglugerð nr 10 um leikskýrslur

Breytingin felur í sér tiltekt vegna breytts fyrirkomulags vegna notkunar Hydru.

Samþykkt samhljóða

Reglugerð nr 12 um framkvæmd móta

3 grein b liður felldur út vegna breytinga á reglum IIHF

4 grein er vísun í verðskrá

11 grein e liður felldur út

14 grein bætt við að séu atkvæði jöfn skal mótisstjóri hafa tvö atkvæði

Samþykkt samhljóða

Reglugerð nr 13 um Íslandsmótið í íshokki

2 grein c) bráðabani verður framlenging og víti verði 5 en ekki 3

4 grein. Lagt er til að leikin verði undanúrslit í 4 liða deild karla þar sem 1 sæti í deild spilar við 4 sæti og 2 sæti spilar við 3 sætið. Vinna verður tvo leiki í undanúrslitum til að tryggja sæti í úrslitakeppni.

Breyting á mati séu lið jöfn að stigum eftir forkeppni sem er samræming við IIHF

- Guðlaug leggur til að kynbinda ekki reglugerðina og tala um karla og kvenna heldur miða við fjölda liða óháð kyni.
- Misjöfn sjónarmið um úrslitakeppni
- Sindri vil ekki skrifa tölu á víti heldur tengja einfaldlega við IIHF

Samþykkt að breyting og vinnsla á úrslita fyrirkomulagi 4 greinar verði falið nýrri stjórn ÍHÍ.

Reglugerð að öðru leyti samþykkt samhljóða

Reglugerð 15 um lánssamninga

2 grein staðfesting formanns eða framkvæmdastjóra ÍHÍ þarf aukalega fyrir lánssamning

4 grein STF má gera til 31. Janúar en ekki 30 nóvember

5 grein a) allir íslenskir leikmenn geta gert lánssamning

b) 18 ára og yngri en ekki 3 flokki karla.

c) útstrikun á Gullflokki

9 grein um framkvæmd. Leikmaður nálgast umsókn og sendir á skrifstofu ÍHÍ

12 grein vísun í veððskrá ÍHÍ

- Þórhallur telur að dagsetningin 31. Janúar bjóði upp á misnotkun.
- Menn almennt ósammála um lánssamninga

Tillögunni er hafnað af þingi en samþykkt að ný stjórn ÍHÍ taki tillöguna fyrir og vinni betur.

Reglugerð 16 um þátttökugjald í íslandsmóti

2 grein útstrikun á tengingu við íslandsmót

3 grein bætt inn tilkynningu fyrir 15 ágúst verði á því breyting milli ára

4 grein strikað yfir felix og vísað í félagsskráningarkerfi ÍSÍ

Heiti á reglugerð vísað til stjórnar ásamt vísun til veððskrár

Samþykkt samhljóða að öðru leyti

Reglugerð 17 um íshokkí kvenna

Breyting á 2 grein, viðbót að hlutverk nefndarinnar eigi við íshokkí kvenna öðru en landsliðsstarfi.

Samþykkt samhljóða

Reglugerð 18 um flutning leikmanna milli aldursflokka

1 grein breyting á orðalagi frá 2 og 3 flokki í U18 og U16

Breytingartillaga þar sem gert er líka ráð fyrir U20

Samþykkt samhljóða með viðbót um U20

Reglugerð 20 um upptökur og streymi frá leikjum í meistaraflokki karla og kvenna

2 grein tiltekt vegna tæknibreytinga

Samþykkt samhljóða

Þinghlé í 15 mínútur.

Þinghald hefst aftur 17:30

Reglugerð 8 um aganefnd

Breytingartillögur bárust bæði frá ÍHÍ og SR

Ákveðin samsvörun er í tillögum beggja aðila í ákveðnum liðum en miklar andstæður í öðrun. Ljóst er að niðurstaða mun ekki nást í málstofu innan þings.

Þingforseti leggur til að þessar tillögur verði lagðar fyrir nýja stjórn ÍHÍ

Samþykkt að vísa til stjórnar

Aðrar tillögur og erindi frá félögunum

Aðskilja stelpur frá U18 drengjum

- Stelpur á þessum aldri hafa fleiri tækifæri bæði með meistaraflokki og hafa tök á að spila niður fyrir sig
- Strákarnir halda aftur af sér en væru án stelpnanna að spila harðara og hraðara hokki
- Á að leyfa tæklingar í kvennahokki er spurning
- Undanþágur fyrir unga leikmenn í kvennaflokki

Sigrún talar fyrir öryggi leikmanna þegar kemur að tæklingum í kvennaflokki

Bjarni vill ekki BANNA stelpum að taka þátt í u18

Sarah talar um að undanþágur fyrir þær stelpur sem hafa getu og líkamlegt hæfi til að spila með þessum aldursflokk.

Málaflokkur lagður til kvennanefndar og stjórnar ÍHÍ

Tefla fram u19/u20/u21 liðum drengja

- Margir leikmenn SA sem fara upp úr u18 eftir þetta tímabil sem vantar verkefni
- Athugasemdir frá IIHF vegna þess að við spilum ekki u20 deild
- Lágmarkskvaðir IIHF

Emil talar um u22 mót sem spilast fyrir áramót og er þá nýtt sem undirbúningur u20 landsliðs fyrir heimsmeistaramót

Bjarni talar um skekkju að ætla að nýta sem undirbúning u20 en spila strákum sem eru 2 árum eldri.

Einnig talar hann um styrkleikamun milli félaga og hvernig slíkt mót nýtist.

Samhljóða vilji til að gera eitthvað fyrir þennan aldursflokk

Málaflokkur fær annan farveg í nefndum ÍHÍ

Smíða reglugerð um ný félög/lið sem fá aðild að ÍHÍ

- SR vill tryggja það að nýtt félag geti ekki aflagt annað með til dæmis hámarksfjölda sem flytja megi úr einu félagi í annað

Þingforseti bendir á félagafrelsi í landinu

Einar Sveinn talar um að allir þeir aðilar sem hafa stofnað ný félög hafi aldrei gert það til þess að koma höggi á önnur félög heldur til framþróunar íþróttarinnar. Hann bendir líka á að það sé val hvers leikmanns hvar hann spilar.

Helgi Páll bendir á reglugerð um félagaskipti sem heimilar félögunum að gera samninga við leikmenn sína sem takmarkar heimild þeirra til félagaskipta

Niðurstaða er að umræðan er tæmd og frekari farvegur ekki nauðsynlegur

Eiga að gilda aðrar reglur um félagaskipti ólögráða einstaklinga

Viðar bendir á að reglur hafi verið gerðar til þess að verja félögin.

Emil Borg talar um að þessi mál hafi verið leyst á farsælan hátt í vetur.

Sigrún talar um að barn eigi alltaf að njóta vafans vilji hann skipta um félag

Þingforseti bendir á mikilvægi þess að kanna hvernig þessum málum sé háttað hjá öðrum íþróttagreinum hérlandis.

Málinu er vísað til stjórnar

Dómarakerfi; á að nota 3ja eða 4ra dómara kerfi?

- Skautafélagi Akureyrar finnst tímabært að fara í 4 dómara kerfi.
- Elísabet (SA) vill ekki mismun á milli karla og kvenna. Hún vill þá hafa tilnefndann eftirlitsdómara í stúku 3 dómara kerfi ef ekki næst að manna 4 dómara.
- Ákall kemur bæði frá leikmönnum og dómurum frá Akureyri.

Sindri útskýrir hver vegna sumir leikir í vetur hafi verið með 4 dómara en aðrir 3. Leikir sem valið var að hafa 4 dómara voru leikir sem höfðu áhrif á úrslit deildarinnar. Gulla talaði um öryggi dómara og ljóst er að þessi mál eru til umræðu innan dómaranefndar og fólk sátt við það. Spurning frá framkvæmdastjóra hvort félögin séu tilbúin í þann auka kostnað sem fylgir auka dómara í alla deildarleiki en engin andmælti þeirri spurningu af forsvarsmönnum aðildarfélaganna.

Umræða um hæfi og dómara og reglur þar að lútandi

SR spyr hvort til séu reglur sem líta að hæfi dómara. Sindri talar um að ramminn sé til en þessi rammi er víkkaður eftir þörf hvers tíma. Við tengjumst öll einhverju félagsliði og sportið lítið. Guðlaug fullyrðir að dómarar hérlandis séu hlutlausir og stuðst sé við ramma IIHF þegar raðað er niður á leiki samanber niðurröðun dómara á alþjóðamótum.

Efla þarf samtal á milli félaga og ÍHÍ um dómara og umræðan tæmd að sinni.

Fyrirkomulag landsliðsmála, sérstaklega yngri landsliða

- Kostnaður hækkað mikið
- Undirbuningur ekki nógu góður
- SR leggur til aðila frá hverju félagi til stuðning hvers landsliðs

Sambandið er ekki ánægt með það að þurfa að rukka inn þessar fjárhæðir frá foreldrum. Viðar vitnar í afrekssjóð og hvernig nýjar reglur á úthlut þar geti haft góð áhrif. Hann talar líka um hvað við búum vel með IIHF miðað við aðrar íþróttagreinar innan ÍSÍ.

Ákall um betra skipulag sem byrjar fyrr svo hægt sé að halda kostnaði niðri. Stjórn ÍHÍ vill breyta skipulagi landsliða að mörgu leyti og er það í höndum nýrrar stjórnar að finna landsliðsmálefnum farsælan farveg.

Ekki leika á sama degi í mfl karla og mfl kvenna

- Tekjutap fyrir félög
- Álag á sjálfboðaliða
- Álag á dómara

Var gert á sínum tíma til að spara kostnað en hefur ekki reynst vel. Mótanefnd falið að finna nýjan farveg leikja í mótaskrá þar sem tekið er tillit til allra sjónarmiða.

Önnur umræðuefni sem til stóð að taka fyrir eru dregin til baka frá forsvarsmönnum Skautafélags Reykjavíkur og Skautafélags Akureyrar þar sem langt er liðið á daginn og enn á eftir að kjósa til nýrrar stjórnar.

Kosning stjórnar

Helgi Páll Þórisson er einn í kjöri til formanns, honum er veitt verðskuldað lófatak.

Næst er kosið 4 manna aðalstjórn

Í framboði eru

Guðlaug Ingibjörg Þorsteinsdóttir

Haflíði Sævarsson

Jóhannes Ævar Jónsson

Karvel Þorsteinsson

Kristján Heiðar Kristjánsson

Sigrún Agatha Árnadóttir

Sindri Kristjánsson

Arnar Sveinsson hefur dregið framboð sitt baka og gefur ekki kost á sér

Kjörnir til stjórnar til tveggja ára ;

- Jóhannes Ævar Jónsson 30 atkvæði
- Guðlaug Ingibjörg Þorsteinsdóttir 25 atkvæði
- Kristján Heiðar Kristjánsson 21 atkvæði
- Sigrún Agatha Árnadóttir 20 atkvæði

Þeir sem ekki fengu kosningu til aðalstjórnar býðst að bjóða sig fram í varastjórn. Varastjórn er skipuð 3 aðilum

Í framboði til varastjórnar eru

Björn Róbert Sigurðarson

Brynja Vignisdóttir

Haflíði Sævarsson

Karvel Þorsteinsson

Pétur Andreas Mack

Sindri Kristjánsson

Vilhelm Bjarnason

Kjörnir til varastjórnar til tveggja ára

- Pétur Andreas Maack 22 atkvæði
- Brynja Vignisdóttir 20 atkvæði
- Vilhelm Bjarnason 17 atkvæði

Margrét Westlund og Margrét Ólafsdóttir eru tilnefndar skoðunarmenn reikninga og er það samþykkt.

Heiðursstúka ÍHÍ

Helgi Páll Þórisson, nýendurkjörinn formaður, tekur til máls. Hann tilnefnir í heiðursstúku ÍHÍ eftirtalda menn;

Sigurður Sveinn Sigurðsson
Snorri Gunnar Sigurðsson
Jón Þór Eypórsson

Þingið samþykkir þessar heiðursveitingar og eftir stutt ávarp og þökk til viðstaddra er þingi slitið.